



RANGÁRÞING EYSTRÁ

## Gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Hvolsskóla 2011

### 1. gr.

Foreldrar/ forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu mötuneytis Hvolsskóla þurfa að skrá börn sín í mötuneytið hjá ritara skólans. Starfsmenn Hvolsskóla skulu skrá sig í mötuneytið hjá ritara skólans. Ef barn eða starfsmaður ætlar að hætta í mötuneyti skal koma um það skrifleg tilkynning frá foreldri/forráðamanni til ritara með 2ja vikna fyrirvara.

### 2. gr.

Fyrir hverja máltíð í mötuneyti greiðir nemandi kr. 350.- Þurfi nemandi að fá mat án þess að vera skráður í mötuneyti kostar máltíðin kr. 590.- en slíkar máltíðir skal panta hjá ritara skólans. Fyrir hverja máltíð í mötuneyti greiða kennarar og aðrir starfsmenn nú í desember 2010 kr. 573,-, en breytist í samræmi við neysluvísitölu 1. ágúst ár hvert.

### 3. gr.

Rangárbíng eystra sendir gíróseðil vegna mötuneytisgjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög nr. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

### 4. gr

Tekið skal tillit til þess ef um veruleg forföll er að ræða vegna veikinda mötuneytisnotanda.

Umsjónarmaður í mötuneyti heldur dagbók yfir þá sem nýta mötuneytið.

### 5. gr.

**Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. ágúst 2011.**

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbíngs eystra

30. desember 2010

---

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
sveitarstjóri Rangárbíngs eystra